



Skóla- og frístundasvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2026
MSS26020040
HSG

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 10.2.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis um að lengja og auka við opnunartíma félagsmiðstöðva

Lögð fram svohljóðandi tillaga Jökuls Loga Sigurjónssonar, fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að lengja opnunartíma félagsmiðstöðva til kl. 22:00 á mánudögum og miðvikudögum og á föstudagskvöldum til kl. 22:30 og bæta jafnframt við einni kvöldopnun á viku. Breytingin taki gildi frá og með hausti 2027.

Greinargerð fylgir tillögunni.

- Kl.15:54 vikur Einar Þorsteinsson af fundi og Ásta Björg Björgvinsdóttir tekur þar sæti.

Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Dís Sigurgeirsdóttir
e.u.



Reykjavík

Tillögur og greinargerðir vegna fundar Reykjavíkurráðs ungmenna

með borgarstjórn Reykjavíkur

10. febrúar 2026

2) Jökull Logi Sigurjónsson, fulltrúi í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis um að lengja og auka við opnunartíma félagsmiðstöðva:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að lengja opnunartíma félagsmiðstöðva til kl. 22:00 á mánudögum og miðvikudögum og á föstudagskvöldum til kl. 22:30 og bæta jafnframt við einni kvöldopnun á viku. Breytingin taki gildi frá og með hausti 2027.

Greinargerð:

Kvöldopnunartími félagsmiðstöðva er í dag á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 19:30 til kl. 21:45 og á föstudögum frá kl. 19:30 til kl. 22:00, þó eru nokkrar félagsmiðstöðvar opnar til kl. 22:30 eða 22:45 á föstudögum. Lagt er til að opnunartími félagsmiðstöðva á mánudögum og miðvikudögum verði lengdur til kl. 22:00 og á föstudögum til kl. 22:30 í öllum félagsmiðstöðvum. Upprunaleg ákvörðun um styttingu opnunartíma árið 2023 var ekki tekin í samráði við ungmenni eða ungmennaráð. Ungmennaráðið leggur jafnframt til að bætt verði við kvöldopnun kl. 19:30-22 annað hvort á þriðjudögum eða fimmtudögum. Tillagan eru ætluð til að auka aðgengi ungmenna að uppbyggilegu tómstundastarfi og efla félagslegt umhverfi þeirra. Einnig er stuðlað að auknu öryggi á kvöldin og dregið úr líkum á áhættuhegðun. Aukinn opnunartími getur bætt jafnræði í tómstundum þar sem fleiri ungmenni geta nýtt sér þjónustuna óháð aðstæðum heima fyrir. Tillagan er í samræmi við óskir ungmenna og styður við aukna þátttöku þeirra í ákvarðanatöku um eigið frístundastarf.